

FJÁRMÁLA**E**FTIRLITIÐ

Tilvisun: 2008100042

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um áttundu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftifarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 18. júlí 2009 var tilgreint að fjármálagerningur um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf. skyldi gefin út af hálfu aðila eigi síðar en þann 14. ágúst 2009.

Í brefi til Fjármálaeftirlitsins frá fjármálaráðuneytinu, dags. 14. ágúst 2009, kemur fram að frekari tímafrestur sé nauðsynlegur til lokafrágangs á fjármögnun Íslandsbanka hf. og skjalagerðar vegna útgáfu fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf.

Í ljósi framangreinds ákveður Fjármálaeftirlitið að breyta 2. ml. 12. tl. fyrri ákvörðunar eftirlitsins þann 14. október 2008, sbr. ákvarðanir eftirlitsins í þessu máli, dags. 15. júní 2009 og 18. júlí 2009.

ÁKVÖRÐUN:

Fjármögnun Íslandsbanka hf. og útgáfa fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf. skal lokið eigi síðar en þann 28. ágúst 2009.

Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

14. ágúst 2009.


Kristín Haraldsdóttir
Varaformaður stjórnar


Gunnar P. Andersen
Forstjóri